

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2007, Brákarey í Borgarnesi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. mars 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2007 frá 19. október 1998.

Breytingin felur í sér breytta landnotkun á Brákarey í Borgarnesi, þar sem blandað athafnasvæði, stofnanasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir íbúðarbyggð breytist í hafnarsvæði og iðnaðarsvæði vegna fyrirhugaðrar smábátahafnar og hreinsistöðvar.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. mars 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2008